


Sími og netfang

Hér er möguleiki á að skrá, bréfsíma, farsíma, heimasíma, heimanetfang, neyðarsíma aðstandenda og vinnusíma..



Smellt er á hnappinn „Annað” inni í „Einstaklingskráningarmyndinni”.

Mynd 1. Einstaklingsmyndin

Þegar smellt er á hnappinn, þá opnast valmyndin sem mynd er af hér til hliðar, farið með bendilinn á „Símar og netgöng” og smellt á OK hnappinn eða Enter.

Mynd 2. Valmynsímarognetföng


Sími og netfang

2.

Þá opnast „Sími/netfang-glugginn“ og hægt er að skrá í „Tegund“ svæðið:



Mynd 3. Sími/netfangglugginn




Mynd 4. Valin tegund skráningar

Með því að smella á punktana þá opnast valmyndalistinn og valin er sú tegund sem á að skrá upplýsingar um. Farsími, Heimasími, Netfang heima, Neyðarsími aðstandanda og Vinnusími og síðan er smellt á OK hnappinn eða Enter. Svo er farið með bendilinn í næstu línu og næsta svæði valið og skráð eins og að ofan getur. Síðan er vistað með því að velja „CTRL+S“ eða gulu diskettuna til að vista. Ef verið er að nýskrá þá er valið að leiðrétta, en ef verið er að breyta, þá er valið að uppfæra.

3.

Þegar búið er að skrá í þá reiti sem um er að ræða, þá er annaðhvort valið að uppfæra eða leiðrétta. Ef verið er að breyta eða leiðrétta, þá er alltaf valið að „Uppfæra“, en ef verið er að nýskrá þá er valið „Leiðrétting“.



Mynd 5. Staðfesting á breytingu

4.

Ef verið er að breyta upplýsingum sem áður er búið að skrá í þessi svæði, þá er svæðið valið sem á að breyta og skráð yfir gömlu upplýsingarnar og muna þá eftir að velja „Uppfæra“ þegar upplýsingarnar eru vistaðar.

Að breyta bankareikningi

1.

Smelltt er á hnappinn „Annað” inni í „Einstaklingsskráningarmyndinni”. og valið Bankareikningur eins og sagt var frá hér að framan

2.

Þá opnast „Greiðslumáta-glugginn” og nú þarf einungis að skrá í „Banki” svæðið og skrá nýjan banka, höfðubók eða reikningsnúmer

Greiðslumáti (Jón Jónsson)

Greiðslumáti

Reikningur

Greiðslufyrirkomulag

Afhendingarstaður

2. Banki Hb Reikn.nr

xx hér birtist nafnið á bankanum

Gildistími

Frá Til

Mynd 6. Skrá breytingu á Bankareikningi

Næst skal vista aðgerðina með því að ýta samtímis á <Ctrl>+<S>. Um leið og vistað er athugar Oracle hvort bankareikningurinn sé til skráður á viðkomandi starfsmann.

Að síðstu kemur staðfesting, á breytingu bankareiknings, og þar sem við erum ekki að skrá nýjan reikning í fysta skipti þá er valið „Uppfæra”, því þá geymist sagan.

Veljið möguleika:

2. Geyma sögu núverandi upplýsinga

Leiðrétta núverandi upplýsingar

Mynd 7. Vista með því að uppfæra